



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 22. febrúar 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (barnaverndarþjónusta, umdæmisráð barnaverndar, samþætting o.fl.)

Virðingarfyllst,

f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,

framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (barnaverndarþjónusta, umdæmisráð barnaverndar, samþætting o.fl.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boðið um að senda inn athugasemdir við ofangreint mál. Samtökin sendu umsögn um sama mál er það var í samráðsgátt stjórnvalda og er þessi umsögn nær samhljóða þeirri fyrri, þar sem Barnaheill telja mikilvægt að áréttu sjónarmið þau sem hér koma fram.

Með frumvarpi þessu til breytinga á barnaverndarlögum er stigið næsta skref í átt að breytingum kerfisins í þágu farsældar barna. Ljóst er að hér er um mikilvægt mál að ræða og heilmikil vinna hefur verið lögð í að móta þær tillögur sem í þessu frumvarpi birtast.

Tillögurnar gera ráð fyrir nýju kerfi ákvarðana og framkvæmdar í barnavernd sem felur ekki í sér pólitískt skipaðar nefndir sem taka ákvarðanir um líf og farsæld einstakra barna, eins og áður. Það telja Barnaheill vera mikilvæga og jákvæða þróun og svar við ákalli samfélagsins um langa tíð.

Kerfisbreytingarnar eru því fagnaðarefni og virðast skynsamur og vandaðar. Skilyrðið um 6000 íbúa umdæmi hið lægsta, skilyrðið um faglega skipuð umdæmisráð og samstarf sveitarfélaga um mál einstakra barnaverndarmála eru mjög mikilvæg að mati Barnaheilla. Með því að leggja niður pólitískt skipaðar barnaverndarnefndir og fela barnaverndarþjónustu og umdæmisráðum barnaverndar dagleg verkefni barnaverndar er mikilvægt skref stigið í réttindum barna að mati samtakanna og tryggir enn frekar hlutlausu málsmeðferð.

Barnaheill vilja áréttu mikilvægi þess að efla forvarnir til að grípa fyrir inn í ef grunur leikur á að barn búi við óviðunandi aðstæður eða að um annars konar barnaverndarmál er að ræða. Efla þarf að mati samtakanna fræðslu til þeirra sem vinna með börnum og ungmennum um einkenni barnaverndarmála og ferli þeirra svo börn og fjölskyldur þeirra fái snemmtækan stuðning þegar á þarf að halda.

Barnaheill fagna því að í frumvarpinu er að finna ákvæði sem fjallar sérstaklega um þátttöku barna í málum sem þau varða og um rétt barna til að fá upplýsingar um mál sín á barnvænu máli. Það er afar jákvætt að þátttökuréttinda barna sé getið með svo skýrum hætti í frumvarpinu. Það er hins vegar jafnmikilvægt að undirstrika hve lítils virði þátttökuréttindi eru ef þau eru aðeins virt að forminu til. Raunveruleg þátttökuréttindi felast m.a. í því, að mati Barnaheilla, að á barnið sé hlustað með virkri hlustun, að barnið upplifi virðingu í samskiptum, að barnið sé virt sem einstaklingur með eigin sjálfstæðu mannréttindi og að það sé t.a.m. ekki beitt nauðung eða þrýstingi, þó einnig þurfi að kenna barni að þekkja og virða mörk annarra og kenna því að setja öðrum mörk. Barnið þarf að finna að skoðanir þess og vilji hafi þýðingu við meðferð máls, í auknum mæli eftir því sem það eldist og þroskast. Á því byggist réttur barnsins sbr. 1. mgr. 12. greinar Barnasáttmálans.

Barnaheill leggja mikla áherslu á að þjónusta við börn einkennist af virðingarríkri og kærleiksríkri framkomu af hálfu starfsfólks barnaverndarþjónustu. Gera má ráð fyrir að börn hafi orðið fyrir áföllum

og á þeim hafi verið brotið með ýmsum hætti, þegar mál er orðið barnaverndarmál. Þannig er afskaplega mikilvægt að allt starfsfólk barnaverndaryfirvalda hafi fengið fræðslu um áfallamiðaða nálgun og geti boðið börnum upp á aðstoð við að leiðrétta líf sitt með því að hlusta á þau, veita þeim aðgengi að sálfræðipjónustu og annarri uppbyggjandi og jákvæðri sjálfsmyndarþjálfun og hjálpa barninu að finna sinn farveg og sína styrkleika. Þrátt fyrir að barnavernd hafi á undanförunum árum unnið að ýmsum úrbótum innan sinna raða og vitanlega er þar að finna mjög hæft starfsfólk sem hefur tileinkað sér virðingarríka framkomu, eru enn að rata til Barnaheilla fregnir af málum þar sem aðilar upplifa mikinn dóm af hálfu barnaverndarstarfsfólks og mjög erfið samskipti. Vonir Barnaheilla standa til þess að í næstu skrefum við breytingar á barnaverndarlögum verði sjónarmið um virðingarrík samskipti við börn og foreldra tryggð. Hugsanlega er ein leið til þess að lögfesta handleiðslu fyrir starfsfólk barnaverndarþjónustu, þannig að það fái tækifæri til að viðhalda góðri andlegri heilsu og megi vera upp á sitt besta í þjónustu sinni við viðkvæmustu hópa samfélagsins.

Barnaheill fagna því að gert er ráð fyrir rekstri sameiginlegs gagnagrunns barnaverndar og stafrænum lausnum og telja að með því séu hagsmunir barna settir í forgrunn. Löngu er orðið tímabært að tryggja að gögn varðveitist miðlægt svo saga barna varðveitist og heildstæð mynd liggja fyrir hverju sinni í þjónustu barnaverndar við barnið. Vitanlega áréttu Barnaheill að tryggja þarf vernd persónuupplýsinga þeirra kerfa sem verið er að þróa.

Jafnframt leggja Barnaheill til að í barnaverndarlög verði fest sú regla að ekki skuli birta úrskurði og dóma sem innihalda viðkvæmar persónuupplýsingar sem varða börn opinberlega, heldur aðeins ópersónurekjanlegan úrdrátt úr þeim. Birting úrskurða og dóma sem innihalda persónuupplýsingar barna er að mati Barnaheilla brot gegn rétti barna til friðhelgi einkalífs og getur stuðlað að víðtækara ofbeldi af hálfu samfélagsins, m.a. á netmiðlum. Jafnframt geta slíkar upplýsingar haft mikil áhrif á framtíðarmöguleika barna hvað varðar nám og atvinnu.

Barnaheill fagna því að áréttuð er í frumvarpsdrögum að þegar flutningur barna á milli sveitarfélaga á sér stað, sé upplýst um það tafarlaust til nýs umdæmis svo barnaverndarþjónusta geti fram haldið gagnvart barninu án þess að allt ferli þurfi að endurtaka, könnun máls á nýjum stað o.s.frv.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Samtökin hvetja ráðuneytið og Alþingi til að tryggja að næstu skref við breytingu barnaverndarlaga verði kláruð og sjónarmið um virðingarríka framkomu við þjónustuþega barnaverndar verði tryggð. Jafnframt að úrræði eins og Barnahús verði lögfest og rekstur þess tryggður til langframa.